

YFIRLÝSING

um samstarf félagsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins

um móttöku flóttamanna á Íslandi.

Félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa ákveðið að hefja formlegt samstarf um móttöku flóttamanna á Íslandi í samræmi við sjónarmið flóttamannanefndar og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, The United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR).

Vinnubrögð íslenskra stjórnvalda við móttöku flóttamanna hafa vakið athygli á vettvangi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hefur óskað eftir því að sú aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir hér á landi verði nýtt sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Markmið með yfirlýsingu þessari er að renna styrkari stoðum undir reglulega móttöku flóttamanna hér á landi og samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðuneytið mun frá og með árinu 2007 greiða kostnað við móttöku flóttamanna og félagsmálaráðuneytið mun annast framkvæmd móttökunnar í samvinnu við flóttamannanefnd og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna samkvæmt sérstöku samkomulagi sem ráðuneytin gera um verklag og yfirflutning á fjármunum.


Félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra munu sameiginlega að fenginni tillögu frá flóttamannanefnd leggja hverju sinni til við ríkisstjórn að tekið verði á móti tilteknum fjölda flóttafólks frá tilteknu landi. Íslensk sendinefnd mun fara til dvalarlands flóttamanna, taka viðtöl við flóttafólk og kynna þeim íslenskt samfélag. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um einstaklinga og fjölskyldur sem boðið verður að koma til Íslands sem flóttamenn. Allur undirbúningur verður unninn í náinni samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.


Gerðir verða samningar við tiltekin sveitarfélög annars vegar og Rauða kross Íslands hins vegar um aðstoð og þjónustu við fólkið fyrsta árið.

Reykjavík, 15. febrúar 2007,

F. h. félagsmálaráðuneytisins

F. h. utanríkisráðuneytisins


Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra


Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra